



Svanlaugur Sveinsson,  
Hálf dán Þórðarson,  
Sigurður Haraldsson,  
Fasteignafélag Hafnarfjarðar,

Bókasafn Hafnarfjarðar  
Strandgötu 1  
220 HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður, 16.2.2015

### Leki, myrkur, hvassviðri og áhrif þess á Bókasafn Hafnarfjarðar, húsið og muni

Sælir og bessaðir

Það eru nokkur atriði sem sem ég vil ítreka að þarf að lagfæra við Bókasafn Hafnarfjarðar að Strandgötu 1, 220 Hafnarfirði.

#### Lekar á nokkrum stöðum í húsinu

##### 1. Leki frá Reykjavíkurvegi

Þegar rignir eitthvað að ráði þá streymir vatn niður gangstéttina á Reykjavíkurvegi og við kjallaratröppurnar við bókasafnið er þannig hátt að vatnið virðist finna sér nýjan farveg og rennur niður tröppurnar eins og lækur og fyllir smámsaman niðurfallið af drasli og stíflar það. Síðan fer að flæða inn í kjallarann á skömmum tíma.

Á laugardaginn losaði starfsmaður stíflað niðurfallið um kl. 15:00 við lokun bókasafnsins og lækurinn rann þá þar niður að því er virtist óhindrað. Hálf tíma síðar var vatn farið að renna inn um útidyrnar í fjölnotasal og út um allt gólf og skemmdi smávegis hurðarkarma. Það vildi svo heppilega til að kona var þar að lesa og hringdi hún á skökkviliðið sem kom á staðinn og dældi upp vatninu, úti sem inni. Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem þetta kemur fyrir. Vatnskynjari sem á að vera þarna er ekki til staðar lengur. Ég kom á staðinn og gekk frá og þurrkaði upp restina. Í bæði skiptin var það sama konan sem hringdi á slökkviliðið. Ef hún hefði ekki verið viðstödd þarf ekki að spyrja að leikslokun. Vatnið hefði átt greiða leið niður í kjallarageymslurnar og eyðilaggt safnkostinn í neðstu hillunum o.fl.

Best væri að taka upp gangstéttina fyrir framan kjallaratröppurnar og láta þær halla frá tröppunum og niður að götu. Ég er hrædd við að láta steypa kant þó svo að hann yrði málaður gulur til að fyrirbyggja óhöpp. Í myrkri eða snjó sæist það ekki og tröppurnar eru mjög hættulegar (brattar) og sá sem steypist þarna niður gæti slasast mjög alvarlega og sæist ekki í myrkrinu.



2. Á annarri hæðinni þurftu starfsmenn að vera með handklæði og þurrka upp vatn við hurðina við Reykjavíkurveg þó svo að niðurfallið þar væri ekki stíflað og hurðinn á annarri hæð húsins. Þarna er dúkurinn allur uppbólgin af vatnsskemmdum og eins veggirnir.
3. Við báðar útidyr við torgið á jarðhæð lekur inn vatn langt inn á gólf um leið og það kemur rigning og rok.

### Útiljós vantar - myrkur

Þegar húsið var endurnýjað gleymdist að setja útiljós fyrir framan innganginn og kemur það sér mjög illa í dimmviðri. Fólk sér varla handa sinna skil og kvartar sáran.

### Hvassviðri

Þegar veðrið er slæmt verðum við að loka aðalinngangi vegna þess að dyrnar lokast ekki og rigning, snjór og vindur stendur uppá dyrnar. Við opnum því hliðardyrnar sem er litlu skárri þar sem varla er hægt að hemja hurðina fyrir roki og vatn lekur niður frá húsinu á þá sem inn ganga. Við erum einnig síhrædd um að fólk stórslasi sig. Eins verðum við að fjarlægja safnkost úr hillum við dyrnar svo hann skemmist ekki.

Ég hef nokkrum sinnum í gegnum tíðina bennt á þetta og beðið um að eitthvað sé gert til að hefta vindinn við innganginn. Dyrnar eru þannig staðsettar að það myndast strengur frá Strandgötunni sem leggst á dyrnar og ekkert er þar fyrir til að bjóta vindinn. Ég held að það myndi strax draga úr vindi ef stór ker með greinitrjám væru sett á gangstéttina fyrir framan innganginn og eins skilalúguna sem alltaf rignir innum í roki og rigningu. Eins væri auðvitað hægt að byggja skjólvegg úr gleri við innganginn eins og var gert við innganginn í Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar.

Virðingarfyllst,

Anna Sigríður Einarsdóttir  
forstöðumaður Bókasafns Hafnarfjarðar